

Fornleifaskráning í Bolungarvík vegna tilvonandi deiliskipulags

Ragnar Edvardsson

Bolungarvík
maí 2024

Inngangur	3
1. Tilgangur fornleifaskráningar.....	3
2. Aðferðafræði	4
3. Minjaskrá.....	5
4. Niðurstöður	9
5. Heimildaskrá	11
6. Kort	12

Inngangur

Að beiðni Finnboga Bjarnasonar, forstöðumanns tæknideildar Bolungarvíkur, tók undirritaður að sér að gera fornleifaskráningu og mat á hugsanlegum minjum í miðbæ Bolungarvíkur vegna tilvonandi deiliskipulags. Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var vegna þessa deiliskipulags.

Deiliskipulagssvæðið er að mestu austan Aðalstrætis, fyrir utan lítið svæði sem afmarkast af Vitastíg að sunnan, Holtastíg að norðan og svo loks Miðstræti að vestan. Sunnan megin er svæðið afmarkað af Hólsá og nær það að endamörkum byggðarinnar við Stigahlíð. Deiliskipulagssvæðið er á því svæði þar sem verstöðin í Bolungarvík stóð á öldum áður og þar sem elsti hluti þorpsins þróaðist í upphafi 20. aldar. Innan skipulagssvæðisins (mynd 1) stóðu áður tvö býli Ytri búðir og Heimari búðir (Árbær). Vettvangsvinna fór fram vorið 2024 og sá Ragnar Edvardsson um hana, svo og frágang gagna og skýrsluskrif.

1. Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrir fram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, o.s.frv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmiskonar fjarkönnunarbúnað, þ.e. á landi GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) o.s.frv., en í sjó tvígeislamæla (e: side-scan sonar), fjölgeislamæla (e: multibeam echosounder) og segulsviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngripi og fornleifar og eru allar fornminjar eldri en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:


- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Lög um menningarminjar 80/2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilum skilt samkvæmt þeim lögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdarsvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

2. Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar var tvískipt, könnun ritheimilda og vettvangsvinna. Helstu ritheimildir voru; örnefnaskrár, sóknarlýsingar, jarðabækur, kort,



Mynd 1. Tilvonandi deiliskipulagssvæði í miðbæ Bolungarvíkur.

byggðarsögurit, ljósmyndir, osfrv. Einnig var stuðst við eldri fornleifaskráningu sem framkvæmd var í Bolungarvík árið 1996 (Ragnar Edvardsson 1996). Við vettvangsvinnu voru minjastaðir kannaðir og sýnilegar minjar mældar upp með GPS mælitæki (Trimble Juno T41/5) og var mælingarskekkja innan við 1 metra. Í þeim tilfellum þar sem að ritheimild gaf sterka vísbendingu um staðsetningu minjastaðar var staðsetningapunktur tekinn eins nálægt upprunalegri staðsetningu og hægt var. Allir staðir voru mældir upp í viðmiðunarhnitakerfinu ISN93. Ekki var talið nauðsynlegt að leita upp heimildamenn vegna þessarar skráningar, þar sem að skýrsluhöfundur ræddi við heimildamenn vegna fornleifaskráningar 1996 (Ragnar Edvardsson 1996) Við úrvinnslu gagna var unnið með mælingargögnin í landupplýsingakerfinu Qgis. Við skráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

3. Minjaskrá

139043-131 Ytri-Búðir

„Ytre Buder. Önnur hjáleiga frá Meiri Hlíð. Reiknast fyrir við (hundruð) eður annan fjórðung jarðarinnar“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1921). Samkvæmt jarðatali Johnsens frá 1847 er jörðin enn talin hjáleiga frá Meiri Hlíð (Johnsen 1847). „Áður fyrr átti Hlíð, þ.e. Meiri-Hlíð, land allt frá vatnaskilum á Skálvíkurheiði og til sjávar norðan

Tunguár og Hólsár. Einnig átti Hlíð Stigahlíð alla. Enn þann dag í dag á jörðin reka á Stigahlíð og allt inn að gamla Búðanesinu. Hólsá rann allt fram um 1700 lygn, djúp og breið fyrir ofan Malirnar og beygði til sjávar, þar sem nú er Hafnargata 99. Norðan við ármynnið, uppi á kambinu og upp af honum, voru verbúðir. Þær hétu Ytri-Búðir. Snemma mun hafa verið reistur lítill bær í landi Hlíðar, ofan og inn af, sem nú er Aðalstræti 18. Þessi bær var kallaður Kot“ (Ytribúðir og Árbær (örnefnaskrár)).

139043-131-1

Sérheiti: Ytri búðir

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: heimild

Staðsetning: 308348 A 635602 N

Staðhættir: „Búðir (72): Búðir mun vera stytting úr Ytri-Búðir. Laust eftir 1920 var steinhúsið bygt, sem nú er Aðalstræti 18. Það kallaðist Bárðarbær (73). Þá var komin húsapyrping kringum gamla Ytri-Búðabæinn (Ytribæinn), en þar bjó þá Stóri-Laugi. Bárður Jónsson bjó í Bárðarbæ, Guðjón harðihnifill í bæ, þar sem nú er Miðstræti 15. Upphaflega fylgdi þeim bæ stór lóð. Hún var meira en einn hektari. Þar stendur nú Ráðhús Bolungarvíkur.“ (Ytribúðir og Árbær). Ytri búðir stóðu svo til í miðjum Bolungarvíkurkaupstað, á því svæði þar sem nú stendur íbúðarhúsið Aðalstræti 18.

Minjalýsing: Ekki sést til neinna minja þar sem að allt bæjarstæði Ytri búða og þeirra húsa sem stóðu næst því er horfið undir íbúðabyggð.

Hættumat: Hætta.

139043-131-2

Sérheiti: Yztahús

Hlutverk: Íveruhús

Tegund: heimild

Staðsetning: 308494 A 635921N

Staðhættir: „Yztahús: Það var bær Guðmundar Steinssonar og hét Yztibær (39). Hann stóð niðri á miðri húslóð þeirri, sem nú stendur hús nr 124. við Hafnargötu, en það hús stendur efst á lóðinni.“ (Ytribúðir og Árbær).

Minjalýsing: Húsið sem stendur við Hafnargötu 124 er eitt af ystu húsunum í Bolungarvík. Engin ummerki eru um Yztabæ.

Hættumat: Hætta.

139043-131-3

Sérheiti: Búðanes

Hlutverk: Verstöð

Tegund: heimild

Staðsetning: 308547A 635651N

Staðhættir: „Búðanes (43): Það er landið upp af Brjótnum (44) og Malirnar inn að Eyfirðingavör (45) og Eyfirðingabúðum (46), sem standa enþá (1977) og eru nú Hafnargata 62, 64 og 66.“ (Ytribúðir og Árbær) „Í Ytri Búða landi standa verbúðir, sem tilheyra til Meiri Hlíð.“ (Jarðabók Árna Magnússonar 1940)

Minjalýsing: Búðanes var lítið nes þar sem nú er Brimbrjóturinn og á svæðinu umhverfis það stóð áður önnur af tveim verstöðvum sem áður voru í Bolungarvík. Báðar verstöðvarnar eru horfnar undir landfyllingu.

Hættumat: Hætta.

139043-131-4

Sérheiti: Djúpa Drimla

Hlutverk: Leikvöllur

Tegund: heimild

Staðsetning: 308502A 635717N

Staðhættir: „Drimla. Það var votlend mýri ofan við Malir og upp að Ytri-Búðartúni (48) og frá Skólastíg að sunnan og út að Péturs-Vallastíg að norðan. Drimla var gamall árfarvegur. Allt fram á átjándu öld rann Hólsá þar ofan við Malir og til sjávar, niður undan Péturs-Vallastíg eða rétt utar. Þar er nú norðurgafl Íshússins.“ ... „Djúpa-Drimla (53): Þar sem mýrin liggur lægst, en það er austasti hluti hennar, skammt fyrir sunnan Trampinn og inn að Drimlulæk. Þar er hún dýpst. Það sat alltaf vatn á Drimlu neðanverðri nema á miðju sumri. Þegar Drimla fór að frjósa, varð hún íþróttavöllur. Þar framdi ungdomurinn skautahlaup, en sjómennirnir háðu þar bændaglímu í landlegum.“ (Ytribúðir og Árbær).



Mynd 2. Ljósmynd frá 1920 sem sýnir Djúpu Drimlu.

Minjalýsing: Nákvæm staðsetning er óviss. Á ljósmynd sem tekinn var af Djúpu Drimlu um 1920 sjást húsin sem standa enn við Hafnargötu 99 og 108 og er því líklegt að Djúpa Drimla hafi verið á svæðinu við Hafnargötu 80. Ekki er ólílegt að hluti hennar sé enn varðveittur undir landfyllingu.

Hættumat: Hætta.

Sérheiti: Kleppur

Hlutverk: Fiskþurrkunarreitur

Tegund: heimild

Staðsetning: 308457A 635693N

Staðhættir: „Kleppur (56): Það var fiskþurrkunarreitur ofanvert við Hafnargötu og náði upp þangað, sem nú er húslóð nr 2. við Holtastíg. Að norðan takmarkaðist hann við Péturs-Vallastíg, en að sunnan við verslunarlóð „Sameinuðu“, Hafnargötu 81. Nú er þar verslun Bjarna Eiríkssonar.“ (Ytribúðir og Árbær).

Minjalýsing: Engin ummerki um fiskþurrkunareit fundust við vettvangsathuganir en heimildir bentu til þess að Kleppur hafi verið á svæðinu vestan við Bjarnabúð (Hafnargata 81).

Hættumat: Hætta.

139043-131-6

Sérheiti: Litli-Kleppur

Hlutverk: Fiskþurrkunarreitur

Tegund: heimild

Staðsetning: 308450A 635551N

Staðhættir: „Litli-Kleppur (57): Hann var einnig fiskreitur. Hann var fyrir ofan Hafnargötu upp af Dúfubúð, og náði upp að girðingu á Drimlu. Suðurhlutu Vélsmiðju Bolungarvíkur stendur nú á Litla-Kleppi norðanverðum. Að sunnan náði hann því sem næst að Hafnargötu 49.“ (Ytribúðir og Árbær).

Minjalýsing: Svæðið sem Litli Kleppur stóð áður er talsvert raskað og standa þar nú bifreiðaverkstæði og vélsmiðja.

Hættumat: Hætta.

139043-131-7

Sérheiti: Pétur Vallastígur

Hlutverk: Vegstæði

Tegund: heimild

Staðsetning: 308456A 635758N

Staðhættir: „Péturs-Vallastígur (94): Hann er ekki lengur. Hann lá nokkurn veginn þvert af Hafnargötu, sunnan við hús nr. 99, fram hjá núverandi Aðalstræti 6, fram hjá Berglínubletti og Halldórs Pálmasonar lóð og upp, þar sem nú er Miðstræti 7.“ (Ytribúðir og Árbær).

Minjalýsing: Nákvæm staðsetning er óviss og er líklegt að stígunum hafi verið raskað við vega- og byggingaframkvæmdir.

Hættumat: Engin hættu.

139484-134 Árbær (Heimari Búðir)

Í jarðabók Árna Magnússonar er Heimari Búðir hjáleiga frá Hóli og talin við hundruð úr jörðinni. Í landi Heimari Búða voru verbúðir sem tilheyrðu Hóli (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1921). Í jarðabók Johnsens frá 1847 er jörðin enn talin hjáleiga frá Hóli (Johnsen 1847).

139484-134-1

Sérheiti: Árbær (Heimari Búðir)

Hlutverk: Býli

Tegund: heimild

Staðsetning: 308312A 635326N

Staðhættir: „En fyrir ofan Malirnar, þar sem íbúðarhúsin hafa aðallega verið byggð á seinni árum, heitir Ytribúðir, nema fremur lítill blettur innri hluta Malanna, sem heitir Árbær.“ (Jóhann Bárðarson 1940).

Minjalýsing: Árbær stóð áður á því svæði þar sem nú er Hafnargata 7 og 9. Ekki sást til fornminja.

Hættumat: hættu.

139484-134-2

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: verstöð

Tegund: heimild

Staðsetning: 308312A 635326N

Staðhættir: „Í Heimari Búða landi standa verbúðir, sem tilheyra Hóli, eru þær í eyði vertíða á milli, en um vertíð brúkast þær af ýmsum í kringum Ísafjarðardjúp sem hingað senda skip sín til fiskiafla og gefa hjer venjuligan toll. Búðirnar sem nú eru uppi eru 6, en um búðafjöldann stígur upp og niður eftir því sem skipin aðkoma og með þarf.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1940).

Minjalýsing: Verstöðin sem áður tilheyrð Heimari Búðum stóð á núverandi hafnarsvæði og er horfin undir landfyllingu.

Hættumat: hættu.

4. Niðurstöður

Við heimildakönnun fundust heimildir fyrir 9 minjastöðum innan deiliskipulagssvæðisins; 2 bæjarstæði, 1 samgöngubót, 2 verstöðvar, 1 leikvöllur, 2 fiskþurrkunarreitir, 1 íbúðarhús (Mynd 3), en við vettvangsrannsókn fundust engin ummerki um þessa minjastaði.

Ritheimildir sýna að útræði var frá Bolungarvík frá miðöldum og þar var ein stærsta verstöð landsins allt fram til loka 19. aldar. Upphaflega byggðist verstöðin í landi jarðanna Meiri Hlíðar og Hóls og voru þá sennilega nefndar Ytri búðir og Heimari búðir. Eftir því sem byggðin þróaðist í Bolungarvík byggðust hjáleigur frá Hóli og Meiri Hlíð á Ytri búðum og Heimari búðum, sem urðu loks sjálfstæð býli í upphafi 20. aldar (Jón Þ. Þór 2005; Ragnar Edvardsson 2010).

Við upphaf 18. aldar voru um 20 verbúðir í Bolungarvík en gera má ráð fyrir að fjöldi búða og báta sem réru frá Bolungarvík hafi verið breytilegur (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1921). Um miðja 19. öld náðu byggingar sem tengdust útræði frá Bolungarvík frá Stigahlíð og að árósum Hólsár og segja má að þorpið Bolungarvík hafi þá þegar tekið að myndast. Á 20. öld þróaðist Bolungarvík enn frekar og með nútímavæðingu fiskveiða og tók svæðið, þar sem verstöðvarnar höfðu staðið í aldir, miklum breytingum. Verbúðirnar viku smátt og smátt fyrir nútíma byggingum og hafnarmannvirkjum; t.d. bygging brimbrjótsins, landfyllingar og byggingu frystihúsa og verksmiðjuhúsa. Um 1980 voru síðustu verbúðirnar rifnar og í dag eru engin ummerki um verminjar í Bolungarvík.

Þó svo að engin ummerki um minjastaði hafi fundist við vettvangsathuganir á deiliskipulagssvæðinu er ekki hægt að útiloka að minjar geti komið í ljós við framkvæmdir, t.d. er líklegt að fyllt hafi verið upp í Djúpu Drimlu og að hún leynist öll eða að hluta til undir landfyllingu. Sömu sögu má segja um minjar eftir verstöðina á Búðarnesi en hugsanlegt er að leyfar hennar séu þar undir landfyllingu. Við bæjarstæði Heimari og Ytri búða gætu hugsanlega komið í ljós einhverjar minjar við framkvæmdir.

5. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1921). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847.

Jóhann Bárðarson (1940). *Áraskip, fiskveiðar í Bolungarvík fyrir 40 árum*. Ísafoldarprentsmiðjan.

Jón Þ.Þór (2005). *Saga Bolungarvíkur, 1 bindi. Frá landnámi til 1920*. Sögufélag Ísfirðinga.

Jón Þ.Þór (2007). *Saga Bolungarvíkur, 2 bindi. Frá 1920 til 1974*. Sögufélag Ísfirðinga.

Ragnar Edvardsson (1996). *Fornleifaskráning í Bolungarvík, kaupstaðurinn og jarðirnar næstar honum*. Bolungarvík 1996.

Ragnar Edvardsson (2010). *The Role of Marine Resources in the Medieval Economy of Vestfirðir, Iceland*. Doktorsritgerð, Graduate Center, City University of New York.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra áttahagafélaga. Reykjavík, 1952.

Óprentaðar heimildir

Örnefnaskrár

Hóll

Syðridalur, Grundarhóll og Grundir

Tröð

Ytribúðir og Árbær.

Kort

LB 13a/1913. Bolungarvík og Hóll

6. Kort



Mynd 3. Skráðir minjastaðir innan deiliskipulagssvæðisins.